

# Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

kl. 10:00 þriðjudaginn 13. apríl 2021, Teams fundur

Mættir stjórnarmenn: Viggó Jónsson formaður, Steinunn Heba Finnsdóttir, Örn Arnarson og Þórdís Bjarnadóttir. Sigrún Hulda Sigmundsdóttir og Tómas Árdal varamaður boðuðu forföll.  
Áheyrnarfulltrúar: Álfhildur Leifsdóttir SSNV og Hilda Jana Gísladóttir SSNE  
Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri og Hjalti Páll Þórarinsson

Formaður setti fund og fól framkvæmdastjóra að ganga til dagskrár.

## Dagskrá:

### Fjármál

Framkvæmdastjóri fór yfir ársreikning MN árið 2020. Tekjur voru lítillega lægri, en rekstrarniðurstaða ársins nálægt núlli.

*Stjórn samþykkir ársreikninginn.*

Framkvæmdastjóri fór yfir uppfærða rekstraráætlun MN fyrir árið 2021.

*Stjórn samþykkir rekstraráætlunina.*

### Samningar og skipulagsskrá

Framkvæmdastjóri kynnti nýgerðan samning um stofnun áfangastaðastofu á Norðurlandi, milli ANR, SSNV, SSNE og Ferðamálastofu.

Framkvæmdastjóri kynnti jafnframt drög að þjónustusamningi MN við SSNV og SSNE. Stefnt er að því að undirrita þessa samninga fyrir aðalfund MN.

Framkvæmdastjóri kynnti tillögu að breytingum að skipulagsskrá MN. Helstu breytingar tengjast breyttu hlutverki Markaðsstofunnar sem koma til vegna samninga um stofnun áfangastaðastofu. Umræður um breytingarnar.

*Stjórn samþykkir tillögu að nýrri skipulagsskrá.*

Stjórn ákvað að halda aðalfund MN 11. maí n.k. Stefnt að því að halda hann á Hótel Laugarbakka ef aðstæður leyfa, annars rafrænan fund.

Á fundinum þarf að kjósa 2 aðalmenn frá Norðurlandi eystra, 1 aðalmann frá Norðurlandi vestra og 2 varamenn, 1 frá hvoru svæði.

## Staða ferðaþjónustunnar

Stjórnarmenn ræddu um stöðu ferðaþjónustunnar í dag. Fundarmenn sammála um að hertar aðgerðir síðustu vikna hafið verið mikið áfall fyrir ferðaþjónustuna, sérstaklega í grennd við skíðasvæðin s.s. á Akureyri. Skíðasvæðin eru að jafnaði að taka inn 40-50% af sínum tekjum í kringum páskafrí, þannig að höggið er mikið. Mikilvægt að þrúka aðeins lengur þar til aðstæður leyfa meiri ferðalög. Ennþá bjartsýni á framtíð ferðaþjónustunnar þrátt fyrir allt.

## Önnur mál

Framkvæmdastjóri kom inn á að best væri ef tilnefning stjórnarmanna frá SSNE og SSSNV geti legið fyrir fyrir aðalfund.

Fleira ekki rætt og formaður sleit fundi kl 11:45

Fundarritari HPP